Á myndum 16 til 18 má sjá samanburð milli ára 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda tiltekið óskipulagt frístundastarf: bíó, kaffihús og partý. Myndirnar sýna annars vegar heildarhlutfall framhaldsskólanema og hins vegar niðurstöður greindar eftir kynferði og búsetu. Þá er mikilvægt að benda á að verulega hefur dregið úr ástundum þessa óskipulagða tómstundastarfs. Undanfarnin ár hafa partý verið vinsælust, en þó hefur talsvert dregið úr slíkri iðju meðal framhaldsskólanema. Þannig segjast um 7% framhaldsskólanema að þeir hafi farið í partý vikulega eða oftár nú árið 2016 á meðan slíkt átti við um 13% árið 2010 og 20% árin 2007 og 2004. Um 6% ungmennanna hafa sótt kaffihús vikulega eða oftár og 4% bíó. Eins má sjá að dregið hefur úr því að nemendur fari í partý, þá sérstaklega meðal stráka og er það óháð búsetu. Líkt og fyrri ár þá sýna niðurstöður að kaffihúsaferðir eru algengari en bíóferðir hjá stelpunum og er það óháð búsetu, þó vikulegar heimsóknir á kaffihús séu algengari hjá stelpum búsettum á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við utan höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 19. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftar.




Mynd 20. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftar.




Mynd 21. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár.


Á myndum 19 til 21 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár, greint eftir búsetu. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrir framhaldsskólanema í heild sinni (mynd 19) má sjá að um 2% ungmennanna stunda hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, 4% myndlistarnám og 4% framhaldsskólanemanna stunda leiklist vikulega eða oftár. Stelpur á höfuðborgarsvæðinu eru hlutfallslega líklegri en stelpur sem búsettar eru utan höfuðborgarsvæðisins til að stunda leiklist og þá er munurinn ekki mikill þegar lítið er til strákanna, og er þátttaka þeirra í þessari tómskundariðju vikulega eða oftár lítil (mynd 21).



Mynd 22. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftár



Mynd 23. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftár.




Mynd 24. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010 og 2013 og 2016 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftár.


Á myndum 22 til 24 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010 og 2013 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ vikulega eða oftár. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður í heild þá má sjá (mynd 22) að um 2% framhaldsskólanema taka þátt í skátastarfi, en um 1% í ungliðastarfi björgunarsveita og ungmennastarfi Rauða krossins.

Strákar og stelpur utan höfuðborgarsvæðisins sækja frekar en þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu í ungliðastarf björgunarsveita (myndir 23 og 24). Hér vekur athygli að þátttaka stelpna í ungmennastarfi RKÍ er vart mælanleg. Innan við 1% stelpna segjast taka þátt í slíku starfi og er það óháð búsetu.


Lestur og atvinnuþátttaka



Mynd 25. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.




Mynd 26. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.




Mynd 27. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.


Í könnuninni árið 2016 voru framhaldsskólanemarnir líkt og í fyrri könnunum beðnir um að svara spurningum er varða lestur. Á myndum 25 til 27 gefur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Á myndunum má sjá að lestur bóka minnkaði umtalsvert milli ára 2007 og 2010 og á það bæði við þá sem lesa í ½-3 klst á viku og í 4 klst. eða meira í viku hverri og er jafnframt óháð kyni. Niðurstöður könnunarinnar árið 2016 sýna svipað mynstur og árið 2013. Þegar litið er til bóklesturs sem nemur ½ - 3 klst. á viku er hlutfallið 47% og 41% framhaldsskólanema segist verja nær engum tíma í bóklestur umfram skólabækur í viku hverri. Þegar litið er til niðurstaðna greindra eftir kynferði má sjá að 38% stelpna og 44% stráka verja engri klst. í bóklestur umfram skólabækur árið 2016 og 14% stelpna og 9% stráka segist verja 4 klst. eða meira í bóklestur í viku hverri.



Mynd 28. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.



Mynd 29. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.



Mynd 30. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.

Á myndum 28 til 30 má sjá hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð. Árið 2010 mátti byrja að greina umtalsverða breytingu er varðar dagblaðalestur framhaldsskólanema. Sú þróun heldur áfram og sýna niðurstöður árið 2016 að um 56% ungmennanna segist verja engri klst. í dagblaðalestur í viku hverri. Að sama skapi fer hlutfall þeirra sem verja ½ - 3 klst. í slíkan lestur í hverri viku úr 68% árið 2010 í 50% árið 2013 og 42% árið 2016. Einungis 2% framhaldsskólanema ver 4 klst. eða meira í lestur dagblaða á vikutíma. Ef litið er til niðurstaðna eftir kyni og búsetu má sjá að hlutfall þeirra sem ver engri klst. í dagblaðalestur er hærri þegar ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins eiga í hlut, en þar segjast um 64% stelpna verja nær engum tíma á meðan slíkt á við 51% stelpna á höfuðborgarsvæðinu. Hvað strákana snertir þá segjast 58% stráka búsettir utan höfuðborgarsvæðisins verja nær engum tíma á móti 51% stráka á höfuðborgarsvæðinu.

Samantekt úr myndum í II. hluta

Á myndum 16 til 18 má sjá samanburð milli ára 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda tiltekið óskipulagt frístundastarf: bíó, kaffihús og partý. Myndirnar sýna annars vegar heildarhlutfall framhaldsskólanema og hins vegar niðurstöður greindar eftir kynferði og búsetu. Þá er mikilvægt að benda á að verulega hefur dregið úr ástundun þessa óskipulagða tómstundastarfs. Undanfarin ár hafa partý verið vinsælust, en þó hefur talsvert dregið úr slíkri iðju meðal framhaldsskólanema. Þannig segjast um 7% framhaldsskólanema að þeir hafi farið í partý vikulega eða oftár nú árið 2016 á meðan slíkt átti við um 13% árið 2010 og 20% árin 2007 og 2004. Um 6% ungmennanna hafa sótt kaffihús vikulega eða oftár og 4% bíó.

Á myndum 19 til 21 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár, greint eftir búsetu. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður fyrir framhaldsskólanema í heild sinni (mynd 19) má sjá að um 2% ungmennanna stunda hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, 4% myndlistarnám og 4% framhaldsskólanemanna stunda leiklist vikulega eða oftár.

Á myndum 22 til 24 má sjá samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010 og 2013 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ vikulega eða oftár. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður í heild þá má sjá (mynd 22) að um 2% framhaldsskólanema taka þátt í skátastarfi, en um 1% í ungliðastarfi björgunarsveita og ungmennastarfi Rauða krossins. Athygli vekur að þátttaka stelpna í ungmennastarfi RKÍ er vart mælanleg. Innan við 1% stelpna segjast taka þátt í slíku starfi og er það óháð búsetu.


Þá má sjá á myndum 25 til 27 hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Á myndunum má sjá að lestur bóka minnkaði umtalsvert milli ára 2007 og 2010 og á það bæði við þá sem lesa í ½-3 klst á viku og í 4 klst. eða meira í viku hverri og er jafnframt óháð kyni. Niðurstöður könnunarinnar árið 2016 sýna svipað mynstur og árið 2013. Þegar litið er til bóklesturs sem nemur ½ - 3 klst. á viku er hlutfallið 47% og 41% framhaldsskólanema segist verja nær engum tíma í bóklestur umfram skólabækur í viku hverri. Þegar litið er til niðurstaðna greindra eftir kynferði má sjá að 38% stelpna og 44% stráka verja engri

klst. í bóklestur umfram skólabækur árið 2016 og 14% stelpna og 9% stráka segist verja 4 klst. eða meira í bóklestur í viku hverri.


Myndir 28 til 30 sýna hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð. Árið 2010 mátti byrja að greina umtalsverða breytingu er varðar dagblaðalestur framhaldsskólanema. Sú þróun heldur áfram og sýna niðurstöður árið 2016 að um 56% ungmennanna segist verja engri klst. í dagblaðalestur í viku hverri. Að sama skapi fer hlutfall þeirra sem verja $\frac{1}{2}$ - 3 klst. í slíkan lestur í hverri viku úr 68% árið 2010 í 50% árið 2013 og 42% árið 2016. Einungis 2% framhaldsskólanema ver 4 klst. eða meira í lestur dagblaða á vikutíma. Ef litið er til niðurstaðna eftir kyni og búsetu má sjá að hlutfall þeirra sem ver engri klst. í dagblaðalestur er hærri þegar ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins eiga í hlut, en þar segjast um 64% stelpna verja nær engum tíma á meðan slíkt á við 51% stelpna á höfuðborgarsvæðinu. Hvað strákana snertir þá segjast 58% stráka búsettir utan höfuðborgarsvæðisins verja nær engum tíma á móti 51% stráka á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig má benda á viðauka þar sem fleiri upplýsingar um félags- og tómstundastarf er að finna.


Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk framhaldsskólar“ 2000 til 2016




Mynd 31. Hlutfall stráka árið 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvað þeir segjast nota marga tíma að jafnaði á viku í að lesa bækur, aðrar en skólabækur.



Mynd 32. Hlutfall stelpna árið 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvað þær segjast nota marga tíma að jafnaði á viku í að lesa bækur, aðrar en skólabækur.



Mynd 33. Hlutfall stráka á landinu árið 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu oft þeir fara í party.



Mynd 34. Hlutfall stelpna á landinu árið 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu oft þær fara í party.

III.hluti

Tengsl við foreldra

Fjölskyldan gegnir lykilhlutverki í lífi ungmenna og fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig fjölskyldumynstur og fjölskyldugerð hafa áhrif á mögulega frávíkshæðun og áhættuþegðun.

Tengsl unglunga við foreldra sína, sá stuðningur sem þeir fá frá foreldrum, jákvætt eftirlit foreldra og sá tími sem unglingar verja með foreldrum sínum vegur þungt. Foreldrar eru ungu fólki mikilvægir og sterkar fyrirmyndir og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra⁶. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna⁷, og að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í notkun vímuefna. Þess utan eru unglingar sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að líða vel í skólas og eignast vini sem gengur og líður vel í skóla.⁹

Á myndum 35 til 41 má sjá þróun yfir tíma á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum varðandi spurningar er lúta að samskiptum og sambandi þeirra við foreldra sína. Niðurstöður sýna hversu greiðan aðgang þau hafa frá foreldrum sínum varðandi ráðleggingar í tengslum við nám sitt, hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þau að fá umhyggju og hlýju og samræður um persónuleg málefni. Þá eru í lok kaflans sýndar niðurstöður í sögulegu samhengi varðandi hversu vel það á við um framhaldsskólanemana að foreldrar þeirri viti hvar og með hverjum þau eru á kvöldin.


⁵ Bandura, 1977.

⁶ O'Byrne o.fl. 2002.


⁷ Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.

⁸ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.


⁹ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.



Mynd 35. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum




Mynd 36. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.




Mynd 37. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.

Á myndum 35 til 37 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmenni telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, eftir kyni og búsetu, með skoðun á þróun, milli ára 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016. Þegar á heildina er litið má sjá (mynd 35) að mikill meirihluti framhaldsskólanema telur sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi nám sitt frá foreldrum sínum, sem er þó örlítið lægra hlutfall en árið 2013. Ef litið er á niðurstöðurnar greindar eftir kyni og búsetu má sjá að hlutfallslega færri telja sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum ef litið er til 2010 og 2013 til samanburðar.




Mynd 38. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum, greint eftir aldri árin, 2013 og 2016.




Mynd 39. Hlutfall stráka í framhaldsskólum eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum, greint eftir aldri árin 2013 og 2016.

Ef litið er til þessu hversu erfitt eða auðvelt framhaldsskólanemendur telja sig eiga með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum og þær niðurstöður greindar eftir kyni og aldri, má sjá (myndir 38 og 39) að yfirgnæfandi meirihluti þeirra telur slíkt vera mjög auðvelt. Á heildina litið er hlutfall stelpna (76-77%) þó ívið hærra í samanburði við hlutfall stráka (70%), en hefur þó lækkað örlítið ef litið er til 2013 til samanburðar. Þá sýna niðurstöður einnig að litlu munar þegar greint er eftir því hvort nemendur hafa náð sjálfræðisaldri eða eru yngri en 18 ára.



Mynd 40. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum, greint eftir aldri árin 2013 og 2016.



Mynd 41. Hlutfall stráka í framhaldsskólum eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum, greint eftir aldri árin 2013 og 2016.

Á myndum 40 og 41 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmennin telja að eiga samræður um persónuleg málefni við foreldra sína, eftir kyni og aldri. Ef litið er til niðurstaðna fyrir stelpur má sjá að 60-63% þeirra telja slíkt mjög auðvelt og eru stelpur sem náð hafa sjálfræðisaldri hlutfallslega líklegri til að svara því á þá leið (63%) í samanburði við stelpur undir 18 ára aldri (60%). Þó má greina lækkun í slíkri svörun frá árinu 2013, sérstaklega ef litið er til eldri stúlknaþópsins. Svipaða sögu er að segja þegar litið er til niðurstaðna fyrir stráka. Þannig segjast um 56 - 57% þeirra að þeir eigi mjög auðvelt með að eiga samræður um persónuleg málefni. Þar er sama upp á teningnum og meðal stúlkna, að hlutfallslega færri strákar og þá sérstaklega meðal þeirra sem eldri eru, telja sig eiga mjög auðvelt með slíkar samræður.

Samantekt úr myndum í III. hluta

Á myndum 35 til 37 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmenni telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, eftir kyni og búsetu, með skoðun á þróun, milli áráanna 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016. Þegar á heildina er litið má sjá (mynd 35) að mikill meirihluti framhaldsskólanema telur sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi nám sitt frá foreldrum sínum, sem er þó örlítið lægra hlutfall en árið 2013. Ef litið er á niðurstöðurnar greindar eftir kyni og búsetu má sjá að hlutfallslega færri telja sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum ef litið er til 2010 og 2013 til samanburðar.


Á myndum 38 – 40 má sjá hversu erfitt eða auðvelt framhaldsskólanemendur telja sig eiga með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum og þær niðurstöður greindar eftir kyni og aldri. Myndir 38 og 39 sýna að yfirgnæfandi meirihluti þeirra telur slíkt vera mjög auðvelt. Á heildina litið er hlutfall stelpna (76 - 77%) þó ívið hærra í samanburði við hlutfall stráka (70%), en hefur þó lækkað örlítið ef litið er til 2013 til samanburðar. Þá sýna niðurstöður einnig að litlu munar þegar greint er eftir því hvort nemendur hafa náð sjálfræðisaldri eða eru yngri en 18 ára.

Á myndum 40 og 41 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmennin telja að eiga samræður um persónuleg málefni við foreldra sína, eftir kyni og aldri. Ef litið er til niðurstaðna fyrir stelpur má sjá að 60 - 63% þeirra telja slíkt mjög auðvelt og eru stelpur sem náð hafa sjálfræðisaldri hlutfallslega líklegri til að svara því á þá leið (63%) í


samanburði við stelpur undir 18 ára aldri (60%). Þó má greina lækkun í slíkri svörun frá árinu 2013, sérstaklega ef litið er til eldri stúlknaþópsins. Svipaða sögu er að segja þegar litið er til niðurstaðna fyrir stráka. Þannig segjast um 56 - 57% þeirra að þeir eigi mjög auðvelt með að eiga samræður um persónuleg málefni. Þar er sama upp á teningnum og meðal stúlkna, að hlutfallslega færri strákar og þá sérstaklega meðal þeirra sem eldri eru, telja sig eiga mjög auðvelt með slíkar samræður.

Nánari upplýsingar um samband framhaldsskólanema við foreldra sína er að finna í töflum í viðauka.


Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk framhaldsskólar“ 2000 til 2016




Mynd 42. Hlutfall stráka í framhaldsskóla árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu vel það á við um þá að foreldrar þeirra viti hvar þeir eru á kvöldin.



Mynd 43. Hlutfall stelpna í framhaldsskóla árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu vel það á við um þær að foreldrar þeirra viti hvar þær eru á kvöldin.



Mynd 44. Hlutfall stráka í framhaldsskóla árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu vel það á við um þá að foreldrar þeirra viti með hverjum þeir eru á kvöldin.



Mynd 45. Hlutfall stelpna í framhaldsskóla árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu vel það á við um þær að foreldrar þeirra viti með hverjum þær eru á kvöldin.

IV. hluti

Jafningjar

Ungt fólk er gjarnan áhrifagjarnt og áreitið er mikið, frá umhverfinu, jafningjum og frá samfélagsmiðlum. Innlandar og erlendar rannsóknir sýna að áhrif jafningjahópsins eru mikil og eins að viðmið og gildi hópsins eru jafnan mikilvægustu atriðin sem fram koma þegar spá á fyrir um tiltekna þætti innan hans¹⁰ ásamt þáttum sem tengjast foreldrum og fjölskyldu. Námsárangur er þar ágætt dæmi. Ungmenni sem eiga vini og félagi sem gengur vel í námi eru líklegri til að ganga einnig vel en þeir sem eiga vini sem gengur verr í námi sínu.¹¹ Þá hefur margskonar áhættu – og heilsuhegðun barna og ungmenna einnig verið skoðuð vandlega með tilliti til jafningjanna. Í slíkum rannsóknum hefur meðal annars verið sýnt fram á áhrif jafningjahópsins á reykingum og áfengisneyslu leiðir í ljós að ef jafningjar reykja og drekka áfengi eru meiri líkur að einstaklingur reyki eða drekki¹². Rannsóknir benda meðal annars til þess að unglingar sem stunda íþróttir og reglulega hreyfingu séu líklegri til að eiga vini sem gera svo einnig¹³.


Á myndum 46 til 51 í IV hluta getur að líta niðurstöður sem sýna hve auðvelt eða erfitt framhaldsskólanemar telja það að eiga samræður um persónuleg málefni við vini sína og hvort þau telji aðstoð við ýmiss verk auðfengna hjá félögunum. Þá má að lokum sjá tvær myndir undir kafla sem ber heitið „Sögulegt samhengi“ sem sýnir hlutfall stráka og stelpna á landinu eftir því hversu auðvelt eða erfitt það væri fyrir þau að fá umhyggju og hlýju frá vinum og vinkonum.

¹⁰ Altermatt og Pomerantz 2005; Bowker o.fl 2000; Carter o.fl. 2003.


¹¹ Zettergren 2003.

¹² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2013


¹³Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.



Mynd 46. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.




Mynd 47. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá vini/vinkonur í samræður um persónuleg málefni.




Mynd 48. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.


Á mynd 46 má sjá hlutfall framhaldsskólanema eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Eins og myndin sýnir þá hefur lítil breyting átt sér stað yfir tíma, og hlutfall þeirra sem telja mjög eða frekar auðvelt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er milli 88-90% yfir tíma. Hjá stelpum (mynd 47) sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er nánast engin breyting þegar litið yfir tíma, hlutfallið er á bilinu 92-95% öll árin. Meðal stráka (mynd 48) er hlutfallið á bilinu 79-84% og má greina mikinn kynjamun á svörum við þessari spurningu. Þá má sjá að strákar eru mun líklegri en stelpur til að telja það mjög eða frekar erfitt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni, en þó virðist hafa dregið aðeins úr slíku á milli ára. Eins og mynd 48 sýnir þá töldu 21% stráka það mjög eða frekar erfitt árið 2004, en 17% árið 2013. Meðal stelpna er þetta hlutfall 8% árið 2016.



Mynd 49. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.



Mynd 50. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.



Mynd 51. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.

Á myndum 50 og 51 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum með samanburði milli árána 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á mynd 49 má sjá hlutfall allra framhaldsskólanema á landinu eftir því hversu erfitt/auðvelt þeir telja það vera að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á bilinu 85 - 91% framhaldsskólanema telja slíkt mjög eða frekar auðvelt, myndin sýnir þó að hlutfallslega fleiri telja sig árið 2016 eiga frekar að mjög erfitt að fá slíka slíka aðstoð, ef litið er til árána á undan. Á mynd 50 má sjá hlutfall stelpna eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá aðstoð við ýmiss verk hjá vinum sínum. Eins og myndin sýnir telja um 88–93% stelpna á landinu slíkt mjög eða frekar auðvelt og eru stelpur töluvert líklegri til að segja að það sé mjög eða frekar auðvelt að fá aðstoð við ýmiss verk hjá vinum sínu, þó hlutfallslega lækkun hafi orðið á slíkri svörun milli ára. Strákar sem telja slíkt mjög eða frekar erfitt, eru því hlutfallslega töluvert fleiri en stelpur, eða um 10–17%. Meðal stelpna er þetta hlutfall 7-12%.

Samantekt úr IV. hluta


Á myndum 46 – 51 má sjá hlutfall stráka og stelpna eftir því hversu erfitt/auðvelt þau telja það vera að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni og hve auðvelt / erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk frá vinum sínum

Á mynd 46 má sjá hlutfall framhaldsskólanema eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Eins og myndin sýnir þá hefur lítil breyting átt sér stað yfir tíma, og hlutfall þeirra sem telja mjög eða frekar auðvelt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er milli 88-90% yfir tíma. Hjá stelpum (mynd 47) sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er nánast engin breyting þegar litið yfir tíma, hlutfallið er á bilinu 92 - 95% öll árin. Meðal stráka (mynd 48) er hlutfallið á bilinu 79-84% og má greina mikinn kynjamun á svörum við þessari spurningu. Þá má sjá að strákar eru mun líklegri en stelpur til að telja það mjög eða frekar erfitt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni, en þó virðist hafa dregið aðeins úr slíku á milli ára. Eins og mynd 48 sýnir þá töldu 21% stráka það mjög eða frekar erfitt árið 2004, en 17% árið 2013. Meðal stelpna er þetta hlutfall 8% árið 2016.


Á myndum 50 og 51 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum með samanburði milli árána 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á mynd 49 má sjá hlutfall allra framhaldsskólanema á landinu eftir því hversu erfitt/auðvelt þeir telja það vera að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á bilinu 85 - 91% framhaldsskólanema telja slíkt mjög eða frekar auðvelt, myndin sýnir þó að hlutfallslega fleiri telja sig árið 2016 eiga frekar að mjög erfitt að fá slíka slíka aðstoð, ef litið er til árána á undan. Á mynd 50 má sjá hlutfall stelpna eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá aðstoð við ýmiss verk hjá vinum sínum. Eins og myndin sýnir telja um 88–93% stelpna á landinu slíkt mjög eða frekar auðvelt og eru stelpur töluvert líklegri til að segja að það sé mjög eða frekar auðvelt að fá aðstoð við ýmiss verk hjá vinum sínu, þó hlutfallslega lækkun hafi orðið á slíkri svörun milli ára. Strákar sem telja slíkt mjög eða frekar erfitt, eru því hlutfallslega töluvert fleiri en stelpur, eða um 10–17%. Meðal stelpna er þetta hlutfall 7-12%.

Að auki má benda í töflur í viðauka þar sem fleiri upplýsingar um tengsl framhaldsskólanema við vini og jafningja er að finna.

Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk framhaldsskólar“ 2000 til 2016



Mynd 52. Hlutfall stráka á landinu, árin, 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu auðvelt eða erfitt það væri fyrir þá að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum.



Mynd 53. Hlutfall stelpna á landinu, árin 2000, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu auðvelt eða erfitt það væri fyrir þær að fá umhyggju og hlýju frá vinum sínum.

V. Hluti

Nám, skóli og námsörðugleikar


Hlutverk framhaldsskóla landsins er margþætt. Hann á að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Einnig er framhaldsskólanum ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Menntunin gegnir í dag stærra hlutverki en hún hefur áður gert. Það er mikilvægt fyrir atvinnulífið, fyrir samfélagið og fyrir einstaklinginn sjálfan að nemendur ljúki námi. Menntun skiptir nú meira máli fyrir framgang og árangur fólks í lífinu en nokkru sinni fyrr. Þannig skiptir skólinn meira máli en áður fyrr, bæði í sögulegu samhengi og út frá þroska hvers og eins. Nemendur verja drjúgum tíma á mótandi aldurskeiði í framhaldsskóla, þar stunda þau nám sitt, taka við nýrri þekkingu og verða fyrir áhrifum frá kennurum sínum. Síðast en ekki síst mynda þau þar tengsl við vini og félagana, sem á þessum árum eru veigamiklir áhrifavaldar í lífi einstaklingsins. Rannsóknir hafa sýnt að lífsstíll unglinga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri¹⁴.

Ungmenni þurfa góða menntun en það gerist ekki ef nemendur ljúka ekki framhaldsskólaámi. Vitað er að margir nemendur hætta í framhaldsskóla án þess að hafa lokið námi. Það skiptir samfélagið verulegu máli að unga fólk ljúki námi sínu og komi undirbúið út í atvinnulífið. Ekki síður skiptir það máli vegna þess að brottfall úr skóla eykur verulega líkur á því að ungt fólk missi fótanna og lendi út af sporinu. Það er verulegur munur á mörgum þáttum í lífi ungmenna sem ljúka námi og þeirra sem hætta áður en námi er lokið. Til þess að tryggja að nemendur ljúki námi er þarft að skilja þann heim sem ungmenni búa í, vita hvað þau vilja og hvers vegna, en ekki síst vera tilbúin til að aðlaga skólakerfið að þörfum hvers tíma.


Á myndum 54 til 68 má sjá athugun yfir tíma á því hve miklum tíma nemendur segjast verja í heimanám og viðhorfi þeirra til námsins. Einnig má sjá í töflu yfirlit yfir þá þætti sem nemendur (hlutfall og fjöldi) telja að hafi mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Þá má sjá í töflum eftirfarandi þætti: helstu ástæður fyrir vali nemenda á

¹⁴ Crosnoe o.fl. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.fl. 1996; Smerdon 2002.


framhaldsskóla, hvaða námsbraut þau eru á, viðhorfi þeirra til skólans og að lokum þróun í fjölda þeirra sem ætla sér í háskólanám á Íslandi að loknu núverandi námi.



Mynd 54. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve miklum tíma þeir segjast verja daglega í heimanám.




Mynd 55. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve miklum tíma þær segjast verja daglega í heimanám.




Mynd 56. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hve miklum tíma þeir segjast verja daglega í heimanám.


Á myndum 54 til 56 má sjá hlutfall nemenda í framhaldsskólum og hlutfall stelpna og stráka árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu miklum tíma þau verja í heimanám daglega. Á mynd 54 má sjá hlutfall framhaldsskólanema eftir því hversu miklum tíma þeir segjast verja í heimanám. Á mynd 55 má sjá hlutfall stelpna í framhaldsskólum eftir því hversu löngum tíma þær segjast verja í heimanám og á myndinni má sjá að um 37 - 44% stelpna segjast verja um 2 klst. eða meira í daglegt heimanám. Þessar niðurstöður eru frekar stöðugar á milli ára. Á mynd 55 má hins vegar sjá niðurstöður fyrir stráka í framhaldsskólum eftir því hversu miklum tíma þeir verja í daglegt heimanám. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir strákar verja um hálfri klst. eða minna í heimanámið, eða um 47–50% stráka í framhaldsskóla. eru þessar niðurstöður fremur stöðugar á milli ára, líkt og má greina meðal stelpna. Eins og þessar niðurstöður sýna þá virðast strákar verja minni tíma í heimanám en stelpur.



Mynd 57. Hlutfall framhaldsskólanema árin, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telja námið tilgangslaust.




Mynd 58. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þær telja námið tilgangslaust




Mynd 59. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telja námið tilgangslaust.


Á myndum 57 - 59 má sjá hlutfall nemenda í framhaldsskólum, einnig kynjaskipt, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeim finnst námið tilgangslaust. Á mynd 57 má sjá að um 19–24% framhaldsskólanema segja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 5–8% nemenda að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 58 má sjá hlutfall stelpna eftir því hvort þær telja námið tilgangslaust og þar má sjá að um 3–5% þeirra telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 59 má sjá sömu mynd fyrir stráka en þar sýna niðurstöður að um 6–9% stráka telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um þá. Strákar eru líklegri til að meta það svo að þeir telji námið tilgangslaust.



Mynd 60. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telja námið of létt.




Mynd 61. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem telja námið vera of létt.




Mynd 62. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem telja námið vera of létt.


Á myndum 60 til 62 má sjá hlutfall framhaldsskólanema, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem telja námið vera of létt. Um 27 – 29% framhaldsskólanema telja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 6 - 7% að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig (mynd 60) Á mynd 61 má sjá niðurstöður fyrir stelpur sem telja námið of létt. Á myndinni má sjá að um 21–23% stelpna telja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 3–4% þeirra telja það eiga oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 62 má sjá niðurstöður sömu spurningar fyrir stráka. Þar má sjá að um 33 – 36% stráka telja það stundum eiga við um sig að námið sé of létt, en um 9–11% þeirra að það eigi oft eða nær alltaf við um sig. Greina má kynjamun á þessum niðurstöðum og telja strákarnir frekar það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of létt.



Mynd 63. Hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telji námið of þungt.



Mynd 64. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem telja námið vera of þungt.



Mynd 65. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin: 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telji námið of þungt.

Á myndum 63 til 65 má sjá hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telja námið vera of þungt. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 32–35% framhaldsskólanema að slíkt eigi sjaldan eða aldrei við um sig, en um 20–21% nemenda telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 64 má sjá niðurstöður sömu spurningar settar fram fyrir stelpur. Á myndinni má sjá að um 21–24% stelpna segja að þær telji það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of þungt. Meðal stráka sýna niðurstöður að 18% þeirra segja að það eigi oft eða nær alltaf við um sig að telja námið of þungt (mynd 65). Færri strákar en stelpur telja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of þungt. Niðurstöður eru afar svipaðar á milli ára og á það við um bæði kynin.

Tafla 4 sýnir hlutfall stráka og stelpna, árin 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu mikið (mikið eða mjög mikið) neðangreindir þættir hafa áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Eins og taflan sýnir þá telur hæsta hlutfall ungmenna að einbeitingarskortur hafi mest áhrif á frammistöðu þeirra í námi og er það óháð kyni. Einnig nefna nemendur lítinn leshraða og athyglisbrest sem ástæður þessa. Taflan sýnir einnig niðurstöður fyrir fleiri þætti sem nemendur telja að hamli þeim (mikið eða mjög mikið) í námi þeirra.

Tafla 4. Hlutfall og fjöldi stráka og stelpna eftir því hversu mikið (mikið eða mjög mikið) eftirfarandi þættir hafa áhrif á frammistöðu þeirra í námi, árin 2010, 2013 og 2016, greint eftir kynferði.

Fjöldi skipta	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
	2010	2010	2013	2013	2016	2016
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Lesblinda	534 (10%)	529 (9%)	514 (10%)	555 (10%)	576 (11,3%)	549 (10,6%)
Lítill leshraði	60 (12%)	788 (14%)	640 (12%)	758 (14%)	568 (11,1)	658 (12,7%)
Skrifblinda	253 (5%)	30 (4%)	259 (5%)	206 (4%)	267 (5,3%)	201 (3,9%)
Sjónskerðing eða blinda	107 (2%)	74 (1%)	90 (2%)	124 (2%)	103 (2,0%)	140 (2,7%)
Athyglisbrestur	645 (12%)	542 (9%)	778 (15%)	826 (15%)	927 (18,1%)	980 (18,9%)
Einbeitingarskortur	1001 (19%)	979 (17%)	1090 (21%)	1173 (22%)	1100 (21,6%)	1276 (24,7%)
Heyrnarskerðing eða heyrnarleysi	91 (2%)	49 (1%)	60 (1%)	39 (1%)	41 (0,8%)	41 (0,8%)
Hreyfiskerðing	71 (1%)	32 (1%)	58 (1%)	22 (0,4%)	48 (1,0%)	34 (0,7%)

Í töflu 5 hér að neðan má sjá niðurstöður spurningar er snúa að hvað lýsi best þeirri braut sem framhaldsskólanemar sækja. Flestir eru skráðir í bóknám til stúdentsprófs eða 70% nemenda. Um 8% nemenda eru skráðir í verknám til starfsréttinda.

Tafla 5. Hvað lýsir best þeirri námsbraut sem þú ert nú á? Greint eftir kyni, árin 2013 og 2016

Fjöldi skipta	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	
	2013	2013	2013	2016	2016	2016	
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	
Braut	Listnám	211 (4%)	315 (6%)	525 (5%)	243 (4,8%)	392 (7,6%)	635 (6,2%)
	Bóknám til stúdentsprófs	3428 (68%)	4399 (82%)	7827 (75%)	3097 (61,6%)	4013 (77,7%)	7110 (69,7)
	Verknám til starfsréttinda / starfs	607 (12%)	218 (4%)	825 (8%)	708 (14,1%)	209 (4,0%)	762 (7,5%)
	Verknám til stúdentsprófs	390 (8%)	223 (4%)	613 (6)	503 (10,0%)	259 (5,0%)	762 (7,5%)
	Nám á framhaldsskólabraut	218 (4%)	97 (2%)	315 (3%)	232 (4,6%)	118 (2,3%)	350 (3,4%)

Í töflu 6 hér að neðan má sjá niðurstöður spurningar sem snýr að því hversu vel (mjög eða fremur vel) nemendur telja að eftirfarandi fullyrðingar um námið eigi við um sig. Flestir nemendur (7596) myndu vilja að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut.

Tafla 6. Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig: Mjög eða fremur vel. Hlutfall og fjöldi framhaldsskólanema, greint eftir kynferði, árin 2013 og 2016.

Áfangar	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
	2013	2013	2013	2016	2016	2016
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Ég hef áhuga á að taka fleiri verklega áfanga	3506 (68%)	3493 (64%)	6999 (66%)	3413 (68,1%)	3342 (64,5%)	6755 (66,2%)
Ég hef áhuga á að taka fleiri listgreinaáfanga	1636 (32%)	2637 (49%)	4273 (41%)	1540 (30,8%)	2524 (48,6%)	4064 (39,9%)
Ég tel að nám í verklegum greinum henti mér betur en bóknám	2686 (53%)	2307 (43%)	4993 (48%)	2760 (55,4%)	2181 (42,3%)	4941 (48,8%)
Ég vildi að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut	3901 (76%)	4214 (78%)	8115 (77%)	3656 (73,3%)	3940 (76,1%)	7596 (74,7%)

Í töflu 7 má sjá hlutfall nemenda eftir því hvað þeim finnst skipta máli (mjög eða frekar miklu máli) þegar kemur að því að velja framhaldsskóla. Eins og niðurstöður sýna þá telja flestir nemenda (7720) að mestu máli skipti að skólinn sé góður fyrir áframhaldandi nám.


Tafla 7. Hversu miklu eða litlu máli skiptu eftirfarandi atriði þegar þú sóttir um nám í framhaldsskóla: Mjög eða frekar miklu. Hlutfall og fjöldi framhaldsskólanema, greint eftir kynferði, árin 2013 og 2016.

Hvað skipti máli þegar framhaldsskóli var valinn:	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
	2013	2013	2013	2016	2016	2016
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Þetta er skólinn sem ég bý næst	2680 (52%)	2239 (41%)	4919 (46%)	2530 (49,3%)	2054 (39,2%)	4584 (44,2%)
Fagið sem ég hef áhuga á er aðeins kennt í þeim skóla	1842 (36%)	1900 (35%)	3742 (35%)	2087 (40,7%)	2038 (39,0%)	4125 (39,8%)
Félagslíf skólans	3180 (62%)	3687 (68%)	6867 (65%)	29,6 (57,2%)	3403 (65,0%)	6339 (61,1%)
Góður skóli fyrir áframhaldandi nám	3637 (71%)	4336 (80%)	7973 (75%)	3598 (70,4%)	4122 (78,8%)	7720 (74,6%)
Hversu vel skólinn býr mig undir starf að námi loknu	3344 (65%)	3966 (73%)	7310 (69%)	3395 (66,4%)	3849 (73,6%)	7244 (70,1%)
Hvert vínahópurinn kaus að fara	2158 (42%)	1488 (27%)	3646 (35%)	1995 (39,0%)	1186 (22,7%)	3181 (30,8%)
Aðstaðan í skólanum	3086 (60%)	3439 (63%)	6525 (62%)	3128 (61,3%)	3376 (64,6%)	6504 (63,0%)
Bróðir eða systir eru/voru í skólanum	1077 (21%)	877 (16%)	1954 (19%)	1073 (21,0%)	834 (16,0%)	1907 (18,5%)
Ráðleggingar foreldra	1694 (33%)	1791 (33%)	3485 (33%)	1796 (35,2%)	1495 (28,6%)	3291 (31,9%)
Tekjumöguleikar eftir nám	2360 (46%)	2131 (40%)	4491 (43%)	2342 (46,1%)	1904 (36,7%)	4246 (41,4%)


Í töflu 8 má sjá hversu sammála (mjög eða frekar) nemendur í framhaldsskóla eru eftirfarandi fullyrðingum sem snúa að skólanum og skólaumhverfi. Nemendur telja almennt að aðgangur að námsráðgjöf sé mikill, sem og að gerðar séu miklar kröfur til þeirra í náminu.

Tafla 8. Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Mjög eða frekar sammála. Hlutfall og fjöldi framhaldsskólanema, greint eftir kynferði, árin, 2013 og 2016.


Skólinn og skólaumhverfið	Strákar 2013	Stelpur 2013	Heild 2013	Strákar 2016	Stelpur 2016	Heild 2016
	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)	Fjöldi (%)
Mér finnst kennslan vera fjölbreytt	3471 (67%)	3650 (67%)	7121 (67%)	3602 (70,0%)	3694 (70,5%)	7296 (70,2%)
Mér finnst að gerðar séu miklar kröfur til mín í náminu	4196 (81%)	4802 (88%)	8998 (85%)	4301 (83,9%)	4628 (88,6%)	8929 (86,3%)
Mér finnst auðvelt að fá ráðgjöf frá kennurum	4050 (79%)	4073 (75%)	8123 (77%)	4097 (80,4%)	3896 (75,0%)	7993 (77,7%)
Ég hefði viljað taka einhvern eða fleiri frh.áfanga á meðan ég var í grunnskóla	3089 (60%)	3394 (62%)	6483 (61%)	3001 (58,8%)	3187 (61,1%)	6188 (60,0%)
Ég hef greiðan aðgang að námsráðgjöf í skólanum	4714 (92%)	5006 (92%)	9720 (92%)	4641 (91,6%)	4734 (91,1%)	9375 (91,3%)
Ég hef greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi í skólanum	2261 (45%)	1978 (37%)	4239 (41%)	2432 (49,0%)	2070 (40,3%)	4502 (44,6%)
Framhaldsskólanámið er auðveldara en ég átti von á	2807 (54%)	2384 (44%)	5191 (49%)	2768 (54,4%)	2211 (42,4%)	4979 (48,3%)



Mynd 66. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þau telja það vera að þau fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.



Mynd 67. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þær telja það vera að þær fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.



Mynd 68. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þeir telja það vera að þeir fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.

Á myndum 66 til 68 má sjá hlutfall framhaldsskólanema, einnig kynjaskipt, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þau telja það vera að þau fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Á mynd 66 má sjá að um 60–65% framhaldsskólanema telja það mjög eða frekar líklegt að þeir fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Á mynd 67 má sjá niðurstöður sömu spurningar fyrir stelpur en þar má sjá að um 62–66% stelpna telja það mjög eða frekar líklegt að þær fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Þá má sjá á mynd 68 niðurstöður fyrir stráka, en þar má sjá að um 58–63% stráka telja slíkt mjög eða frekar líklegt. Nokkuð fleiri stúlkur en strákar telja það mjög eða frekar líklegt að þær fari í háskólanám á Íslandi að loknu núverandi námi.

Samantekt úr myndum í V. hluta

Á myndum 54 til 56 má sjá hlutfall nemenda í framhaldsskólum og hlutfall stelpna og stráka árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu miklum tíma þau verja í heimanám daglega. Á mynd 54 má sjá hlutfall framhaldsskólanema eftir því hversu miklum tíma þeir segjast verja í heimanám. Á mynd 55 má sjá hlutfall stelpna í framhaldsskólum eftir því hversu löngum tíma þær segjast verja í heimanám og á myndinni má sjá að um 37 - 44% stelpna segjast verja um 2 klst. eða meira í daglegt heimanám. Þessar niðurstöður eru frekar stöðugar á milli ára. Á mynd 55 má hins vegar sjá niðurstöður fyrir stráka í framhaldsskólum eftir því hversu miklum tíma þeir verja í daglegt heimanám. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir strákar verja um hálfri klst. eða minna í heimanámið, eða um 47–50% stráka í framhaldsskóla. eru þessar niðurstöður fremur stöðugar á milli ára, líkt og má greina meðal stelpna. Eins og þessar niðurstöður sýna þá virðast strákar verja minni tíma í heimanám en stelpur.

Á myndum 57 - 59 má sjá hlutfall nemenda í framhaldsskólum, einnig kynjaskipt, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeim finnst námið tilgangslaust. Á mynd 57 má sjá að um 19–24% framhaldsskólanema segja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 5–8% nemenda að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 58 má sjá hlutfall stelpna eftir því hvort þær telja námið tilgangslaust og þar má sjá að um 3–5% þeirra telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 59 má sjá sömu mynd fyrir stráka en þar sýna niðurstöður að um 6–9% stráka telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um þá. Strákar eru líklegri til að meta það svo að þeir telji námið tilgangslaust. Eins og myndirnar sýna þá eru niðurstöður fremur nokkuð á milli ára og á það við um bæði kynin.

Á myndum 60 til 62 má sjá hlutfall framhaldsskólanema, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 sem telja námið vera of létt. Um 27 – 29% framhaldsskólanema telja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 6 - 7% að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig (mynd 60) Á mynd 61 má sjá niðurstöður fyrir stelpur sem telja námið of létt. Á myndinni má sjá að um 21–23% stelpna telja að slíkt eigi stundum við um sig, en um 3–4% þeirra telja það eiga oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 62 má sjá niðurstöður sömu spurningar fyrir stráka. Þar má sjá að um 33 – 36% stráka telja það stundum eiga við um sig að námið sé of létt, en um 9–11% þeirra að það eigi oft eða nær alltaf við um sig. Greina má kynjamun á þessum niðurstöðum og telja strákarnir frekar það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of létt.

Á myndum 63 til 65 má sjá hlutfall framhaldsskólanema árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telja námið vera of þungt. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 32–35% framhaldsskólanema að slíkt eigi sjaldan eða aldrei við um sig, en um 20–21% nemenda telja að slíkt eigi oft eða nær alltaf við um sig. Á mynd 64 má sjá niðurstöður sömu spurningar settar fram fyrir stelpur. Á myndinni má sjá að um 21–24% stelpna segja að þær telji það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of þungt. Meðal stráka sýna niðurstöður að 18% þeirra segja að það eigi oft eða nær alltaf við um sig að telja námið of þungt (mynd 65). Færri strákar en stelpur telja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið sé of þungt. Niðurstöður eru afar svipaðar á milli ára og á það við um bæði kyni


Tafla 4 sýnir hlutfall stráka og stelpna, árin 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu mikið (mikið eða mjög mikið) neðangreindir þættir hafa áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Eins og taflan sýnir þá telur hæsta hlutfall ungmenna að einbeitingarskortur hafi mest áhrif á frammistöðu þeirra í námi og er það óháð kyni. Einnig nefna nemendur lítinn leshraða og athyglisbrest sem ástæður þessa. Taflan sýnir einnig niðurstöður fyrir fleiri þætti sem nemendur telja að hamli þeim (mikið eða mjög mikið) í námi þeirra

Í töflu fimm má sjá niðurstöður spurningar er snúa að hvað lýsi best þeirri braut sem framhaldsskólanemar sækja. Flestir eru skráðir í bóknám til stúdentsprófs eða 70% nemenda. Um 8% nemenda eru skráðir í verknám til starfsréttinda. Þá má sjá í töflu sex niðurstöður spurningar sem snýr að því hversu vel (mjög eða fremur vel) nemendur telja að eftirfarandi fullyrðingar um námið eigi við um sig. Flestir nemendur (7596) myndu vilja að það væri meira frjálst val á hverri námsbraut. Í töflu sjá má hlutfall nemenda eftir því hvað þeim finnst skipta máli (mjög eða frekar miklu máli) þegar kemur að því að velja framhaldsskóla. Eins og niðurstöður sýna þá telja flestir nemenda (7720) að mestu máli skipti að skólinn sé góður fyrir áframhaldandi nám. Að lokum má í töflu átta sjá hversu sammála (mjög eða frekar) nemendur í framhaldsskóla eru eftirfarandi fullyrðingum sem snúa að skólanum og skólaumhverfi. Nemendur telja almennt að aðgangur að námsráðgjöf sé mikill, sem og að gerðar séu miklar kröfur til þeirra í náminu.


Á myndum 66 til 68 má sjá hlutfall framhaldsskólanema, einnig kynjaskipt, árin 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þau telja það vera að þau fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Á mynd 66 má sjá að um 60–65% framhaldsskólanema telja það mjög eða frekar líklegt að þeir fari í

háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Á mynd 67 má sjá niðurstöður sömu spurningar fyrir stelpur en þar má sjá að um 62-66% stelpna telja það mjög eða frekar líklegt að þær fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi. Þá má sjá á mynd 68 niðurstöður fyrir stráka, en þar má sjá að um 58-63% stráka telja slíkt mjög eða frekar líklegt. Nokkuð fleiri stúlkur en strákar telja það mjög eða frekar líklegt að þær fari í háskólanám á Íslandi að loknu núverandi námi.


Sögulegt samhengi. Niðurstöður úr „Ungt fólk framhaldsskólar“ 1992 til 2016




Mynd 69. Hlutfall stráka á landinu, árin 1992, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þeir telji líklegt / ólíklegt að þeir fari í háskólanám erlendis strax að loknu núverandi námi.



Mynd 70. Hlutfall stelpna á landinu, árin 1992, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hvort þær telja líklegt / ólíklegt að þær fari í háskólanám erlendis strax að loknu núverandi námi.



Mynd 71. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 1992, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þær telja það vera að þær fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.



Mynd 72. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 1992, 2004, 2007, 2010, 2013 og 2016 eftir því hversu líklegt/ólíklegt þeir telja það vera að þeir fari í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.

VI. Hluti

Líðan

Í þessum kafla er fjallað um líðan framhaldsskólanema og aftar í kaflanum er sýndur samanburður við árið 2010.


Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú orðið fyrir einhverju af neðangreindu:

Tafla 9 sýnir hlutfall og fjölda stráka og stelpna á landinu eftir því hversu oft (stundum/oft) þau hafa orðið vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna 30 daga. Eins og taflan sýnir þá eru stelpur mun líklegri en strákar til að segjast hafa upplifað slík einkenni stundum eða oft. Flestir framhaldsskólanemar telja að þeir hafi upplifað það að vera leiðir/leiðar eða hafa lítinn áhuga á því að gera hluti, eða um 54% stelpna (2801) og 38% stráka (1904). Vert er að benda á að um 9% stelpna (471) og 8% stráka (388) segjast hafa hugsað um það að stytta sér aldur síðastliðna 30 daga.


Tafla 9. Hversu oft varðst þú var / vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna 30 daga: stundum/oft, greint eftir kynferði.

